

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. desember 2020

Mál nr. S-1507/2020:

## Héraðssaksóknari

(Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknari)

gegn

Ævari Inga Pálssyni og

(Jónas Örn Jónasson lögmaður)

Guðnýju Hrefnu Leifsdóttur

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 4. nóvember sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 27. febrúar 2020, á hendur: „Ævari Inga Pálssyni, kt. [...], [...], [...], og Guðnýju Hrefnu Leifsdóttur, kt. [...], [...], [...], fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og fyrir peningaþvætti í rekstri einkahlutafélagsins Hæ, kt. [...], nú gjaldþrota, Ævari Inga sem skráðum framkvæmdastjóra til 12. október 2017 og Guðnýju Hrefnu sem daglegum stjórnanda allt tímabilið og skráðum stjórnarmanni frá 12. október 2017, með því að hafa:

1. Eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskattsskýrslu einkahlutafélagsins á lögmæltum tíma uppgjörstímabilið mars – apríl rekstrarárið 2017 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins uppgjörstímabilin mars – apríl til og með júlí – ágúst rekstrarárið 2017, í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 10.461.693, sem sundurliðast sem hér greinir:

mars – apríl	kr.	530.208
maí - júní	kr.	2.141.339

júlí - ágúst

kr. 7.790.146

---

**kr. 10.461.693**

2. Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðsluskilagreinum einkahlutafélagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma greiðslutímabilin maí, júní, júlí og desember rekstrarárið 2016 og júní, júlí, september, október og nóvember rekstrarárið 2017 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins, greiðslutímabilin maí, júní, júlí, ágúst, september, nóvember og desember rekstrarárið 2016 og janúar til og með nóvember rekstrarárið 2017, samtals að fjárhæð kr. 44.852.835 hvað varðar Ævar Inga og samtals að fjárhæð kr. 61.892.859 hvað varðar Guðnýju Hrefnu, sem sundurliðast sem hér greinir:

*Vangoldin staðgreiðsla*

*Vangoldin staðgreiðsla hvað varðar Ævar Inga:      hvað varðar Guðnýju Hrefnu:*

**Árið 2016**

maí	kr. 1.216.455	kr. 1.079.531
júní	kr. 1.442.059	kr. 1.323.963
júlí	kr. 2.286.128	kr. 2.260.361
ágúst	kr. 2.549.922	kr. 2.386.963
september	kr. 1.243.850	kr. 1.108.458
nóvember	kr. 1.926.718	kr. 1.761.608
desember	<u>kr. 1.879.944</u>	<u>kr. 1.760.266</u>
	kr. 12.545.076	kr. 11.681.150

**Árið 2017**

janúar	kr. 2.555.940	kr. 2.390.775
febrúar	kr. 2.664.421	kr. 2.499.256
mars	kr. 2.989.618	kr. 3.081.427
apríl	kr. 4.778.235	kr. 4.881.239
maí	kr. 4.294.819	kr. 4.397.823
júní	kr. 4.487.058	kr. 4.396.469

júlí	kr. 4.887.813	kr. 4.990.817
ágúst	kr. 5.649.855	kr. 5.484.690
september		kr. 5.656.201
október		kr. 5.856.212
nóvember	_____	<u>kr. 6.576.800</u>
	kr. 32.307.759	kr. 50.211.709
<b>Samtals</b>	<b>kr. 44.852.835</b>	<b>kr. 61.892.859</b>

3. Fyrir peningþvætti með því að hafa ráðstafað, geymt og/eða nýtt ávinning af brotum skv. 1. og 2. tölulið ákæru, samtals kr. 55.314.528 hvað varðar ákærða Ævar Inga og samtals kr. 72.354.552 hvað varðar ákærðu Guðnýju Hrefnu, í þágu félagsins eða eftir atvikum í eigin þágu.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt að því er varðar 1. tölulið ákæru og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 3. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði Ævar krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða Guðný krefst þess aðallega að hún verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins, til vara að henni verði ekki dæmd refsing, en til þrautavara að hún verði dæmd til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

## *Málsatvik*

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, hér eftir SRS, dagsettu 18. júlí 2018, var embætti héraðssaksóknara sent til rannsóknar mál vegna meintra brota ákærðu á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum um bókhald nr. 145/1994 og eftir atvikum einnig gegn almennum hegningarlögum. Til grundvallar lá rannsókn SRS á skilum Hæ ehf., sem nú er gjaldþrota, á afdreginni staðgreiðslu og innheimtum virðisaukaskatti vegna rekstraráranna 2016 og 2017 og lá fyrir skýrsla SRS vegna framangreinds frá 5. júní 2018. Þann 12. júní 2018 var ákærðu tilkynnt með bréfi SRS um fyrirhugaða ákvarðanatöku hvað varðaði refsimeðferð málsins og þeim veittur 15 daga frestur til að tjá sig um það áður en ákvörðun um ákærumeðferð yrði tekin. Athugasemdir ákærðu Guðnýjar vegna félagsins bárust SRS með bréfi verjanda hennar, dagsettu 27. júní 2018. Bréf þetta liggur fyrir í málinu og varða athugasemdir hennar, hvað sakarefni málsins snertir, að mestu væntanlegar breytingar á skuldastöðu, þ.e. að eignir hafi verið settar til tryggingar fyrir skuldum og séu þær eignir í sölumeðferð, og beðið sé endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts.

Samkvæmt skýrslu SRS hafði, 17. janúar 2018, verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda félagsins vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí, ágúst, september, nóvember og desember rekstrarárið 2016 og janúar til og með nóvember 2017. Þá hafði verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs, á lögmaeltum tíma, skil á staðgreiðslugreinum vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí og desember rekstrarárið 2016 og júní, júlí, september, október og nóvember rekstrarárið 2017. Nam vangoldin afdregin staðgreiðsla opinberra gjalda vegna framangreindra greiðslutímabila, að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu vegna fyrrum fyrirvarsmanna skattaðila, 64.604.167 krónum, auk dráttarvaxta, álags og kostnaðar. Afdregin staðgreiðsla fyrirvarsmanna nemur samtals 3.847.295 krónum. Enn fremur hafi verið leitt í ljós að vanrækt hafði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs að fullu skil á innheimtum virðisaukaskatti í starfsemi félagsins vegna uppgjörstímabilanna mars til apríl, maí til júní og júlí til ágúst 2017. Þá hafi verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil, á lögmaeltum tíma, á virðisaukaskattskýrslu vegna uppgjörstímabilsins mars til apríl rekstrarárið 2017. Samkvæmt skýrslu SRS nam vangoldinn innheimtur virðisaukaskattur vegna framangreindra uppgjörstímabila 10.461.693 krónum auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Rannsókn SRS leiddi í ljós að ákærði Ævar var stjórnarmaður, skráður framkvæmdastjóri og handhafi prókúruumboðs félagsins frá 11. október 2015 til og með 12. október 2017. Var það mat SRS að ábyrgð á staðgreiðsluskilum félagsins vegna greiðslutímabilanna maí og til og með desember rekstrarárið 2016 og janúar til og með ágúst rekstrarárið 2017 hvíldi á ákærða Ævari og vegna vanskila er vörðuðu virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilanna maí til júní og júlí til ágúst rekstrarárið 2017.

Ákærða Guðný var skráð stjórnarmaður og handhafi prókúru félagsins frá 12. október 2017 en við skýrslutöku hjá SRS kvaðst hún hafa stýrt fjármálum félagsins frá því í maí 2017. Var það mat SRS að ákærða Guðný yrði talin bera refsíábyrgð á vanskilum á staðgreiðslu vegna greiðslutímabilanna frá og með apríl til og með nóvember rekstrarárið 2017 og vegna vanskila er vörðuðu virðisaukaskatt vegna uppgjörstímabilanna mars til apríl, maí til júní og júlí til ágúst rekstrarárið 2017.

Við meðferð málsins hjá embætti héraðssaksóknara var tekin skýrsla af ákærðu. Ákærði Ævar kvaðst hafa sagt sig úr stjórn félagsins og hætt sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi 12. október 2017. Hann hefði á sínum tíma keypt hlut A í félaginu en alltaf hefði staðið til að meðákærða héldi þeim hlut áfram enda hefði hún stýrt félaginu f.h. sína og A. Meðákærða hafi ávallt séð um daglega stjórn og fjármálastjórn félagsins, fært bókhald og séð um skattskil. Sjálfur hafi hann stýrt verkefnum á verkstað. Ákærða Guðný kvaðst hafa aðstoðað við skrifstofustörf hjá félaginu en meðákærði og meðeigandi hans, vitnið A, [...], hefðu óskað eftir því. Stjórn fjármála, skattskil, færsla og varsla bókhalds og greiðsla reikninga og launa hefði verið í höndum meðákærða.

Meðal framlagðra gagna eru m.a. bréf félagsins til SRS, yfirlit yfir þá einstaklinga sem höfðu aðgang að heimabanka félagsins og ýmis skjöl er varða fjármál félagsins og samskipti við kröfuhafa. Við aðalmeðferð málsins voru lögð fram frekari gögn er varða félagið, m.a. samningar, endurrit fjárnámsgerðar og réttarsátt.

Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af vitnunum B, C, A og D en ekki er ástæða til að rekja efni þeirra sérstaklega.

## II

### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði Ævar neitar sök. Hann kvaðst hafa átt Hæ ehf. að nafninu til og unnið þar við stjórn byggingarverkefna og framkvæmd þeirra, og hafa komið að félaginu frá upphafi. Hann sé pípulagningamaður og byggingariðnfræðingur og hafi starfað á verkstað en einnig verið með aðstöðu á skrifstofu. Sjálfur hefði hann verið starfsmaður hjá félaginu og starfað þar uns félagið hætti starfsemi. Ákærða Guðný hefði stjórnað fjármálunum félagsins og það hlutverk hefði hún haft frá byrjun árs 2016 og þá haft aðgang að heimabanka og bókhaldskerfi. Ef hann vantaði fé, t.d. til að kaupa efni, hefði hann látið hana vita. Starfsmenn á skrifstofu hafi verið undirmenn meðákærðu. Fyrir þann tíma hafi hann og A séð um fjármál félagsins og stýrt fyrirtækinu og aflað því verkefna. Á þeim tíma hafi endurskoðendur séð um greiðslu launa og skattskil. Sjálfur hefði hann ekki verið í samskiptum við tollstjóra eða sýslumann vegna greiðslu skulda en haft aðgang að netbanka sem hann notaði ef hann þurfti að greiða eitthvað fyrir félagið. Einnig hefði hann haft kreditkort sem hann notaði til að greiða með það sem hann vantaði. Ákærði staðfesti að hafa verið skráður framkvæmdastjóri og stjórnarformaður félagsins og sagði það hafa verið að nafninu til frá því í febrúar 2015. Meðákærða og A hefðu óskað eftir því að hann tæki þetta að sér og hefði ástæða þess verið að hann hefði sjálfur verið með gott orðspor á þessum tíma. Þá staðfesti hann að hafa 27. febrúar 2015 keypt 50% hlut A í félaginu á 250.000 krónur, eins og fram komi í málgögnum, og að félagið hefði þá verið komið alfarið í hans eigu. Raunverulegir eigendur félagsins hafi verið þau þrjú, hann, meðákærða og A. Meðan félagið var í rekstri hefði eignarhald þess verið þannig að hann hefði átti 50% og meðákærða og A 50%. Verkaskipting á milli þeirra þriggja hefði verið skýr. Á árinu 2017 hefði meðákærða séð um útgáfu sölureikninga og innheimtu þeirra en sjálfur hefði hann í einhverjum tilvikum gengið eftir því að greiðsla bærst.

Hvað varðaði fyrsta tölulið ákæru þá sagði ákærði að meðákærða hefði séð um gerð virðisaukaskattsskýrslna vegna þeirra þriggja tímabila er greini í ákæru. Framlagðar rafrænar skýrslur vegna þessara tímabila voru bornar undir ákærða og kvaðst hann ekki vita hvaða gögn hefðu verið lögð þeim til grundvallar en taldi að meðákærða hefði séð um að skila þeim til skattsins. Kvaðst hann engar athugasemdir hafa við skýrslurnar og ekki vita af hverju ekki hefðu verið staðin skil á virðisaukaskatti vegna þessara þriggja tímabila og ekki vita í hvað þeir fjármunir fóru.

Þá voru bornar undir ákærða rafrænar skilagreinar staðgreiðslu árána 2016 og 2017, vegna þeirra tímabila er greinir í ákæru. Ákærði sagði meðákærðu hafa séð um

gerð þessara skilagreina og skilað þeim til skattsins og hann teldi að þær byggðust á útreikningum hennar. Kvaðst hann ekki vita hvers vegna skýrslunum og afdreginni staðgreiðslu hefði ekki verið skilað á réttum tíma. Þá kvaðst ákærði kannast við að hafa 26. júní 2018 mætt í fjárnámsgerð hjá sýslumanni ásamt meðákærðu vegna félagsins. Sagði hann ástæðu þess að hann var viðstaddur vera þá að meðákærða og lögmaður félagsins hefðu beðið hann að mæta. Af sömu ástæðu hefði hann undirritað réttarsáttir vegna félagsins, dagsettar 24. apríl 2017 og 7. september 2017.

Borinn var undir ákærða kaupsamningur frá 22. júlí 2016 þar sem félagið keypti hluta fasteignarinnar Flugumýri 30, undirritaður af ákærða f.h. félagsins. Ákærði kvaðst kannast við skjalið og sagði meðákærðu hafa vitað af þessum kaupum áður en þau voru gerð. Þá var borinn undir ákærða verksamningur, dagsettur 23. nóvember 2016, þar sem A skuldbatt félagið sem verktaka. Sagði ákærði að þar sem hann hefði sjálfur verið upptekinn þegar undirritun fór fram hefði A undirritað samninginn þrátt fyrir að hafa ekki verið í stjórn félagsins á þessum tíma. Ákærðu hefðu bæði vitað af þessum samningi. Einnig sagði hann meðákærðu hafa vitað af sölu fasteignar að Bergrúnargötu 5, áður en salan átti sér stað 4. mars 2017. Hann hefði sjálfur unnið að þeim samningi og undirritað hann að fyrirmælum hennar. Það sama ætti við um sölu fasteignar að Viðarhöfða 2 þann 3. apríl 2017 og kaup á Garðabraut 1 þann 18. apríl 2017. Ákærði hefði staðið í samningaviðræðum vegna þessara kaupa í krafti tengslanets síns, en ekki meðákærða. Þau þrjú hefðu þó rætt saman um öll kaup áður en þau voru gerð en eitt af verkefnum ákærða hefði verið að sjá um sölu eigna. Þá hefði hann látið meðákærðu vita þegar hægt var að innheimta greiðslur vegna verks.

Ákærði staðfesti að þeir A hefðu ákveðið að greiða ekki reikninga GSG-Þaklagna ehf., eins og greinir í framlagðri stefnu félagsins á hendur Hæ ehf., en sú ákvörðun hefði verið tekin vegna vanefnda verktakans. Sagði ákærði að þeir peningar sem ekki hefðu verið greiddir til innheimtumanns hefðu farið í rekstur félagsins og hann vissi að fjármunum félagsins hefði verið ráðstafað í kaup þessara eigna. Kvaðst ákærði hafa treyst því að virðisaukaskattur og staðgreiðsla væri í skilum en það hefði verið hlutverk meðákærðu að sjá um þetta. Einnig staðfesti ákærði að hafa undirritað ársreikning félagsins 2016 og að hafa átt í tölvusamskiptum við lögmannsstofu vegna leitar að bókhaldsgögnum og við endurskoðanda vegna verkefnis sem hann annaðist. Hann hefði blandað sér inn í þau samskipti til að ýta á eftir þessu. Einnig hefðu komið tilvik þar sem

hann hefði þurft að samþykkja reikninga sem byggðir voru á verkstöðuframvindu verka sem hann hélt utan um.

Þá sagði ákærði að hann hefði verið í sambandi við Landsbankann vegna samnings félagsins við bankann á árinu 2017 um fjármögnun framkvæmda vegna fasteigna við Sölkugötu. Meðákærða hefði einnig verið í einhverjum samskiptum við bankann vegna þess. Þá kvaðst hann ekki hafa skýringu á því hvers vegna vitnið E hefði undirritað lánsbeiðni á grundvelli umboðs en ekki meðákærða eða hvers vegna meðákærða hefði ekki fengið umboðið í stað E. Sagði ákærði að á árunum 2016 og 2017 hefðu fleiri en meðákærða starfað á skrifstofunni, m.a. E, sem einnig sinnti bókhaldi sem undirmaður Guðnýjar, og B. Loks sagði ákærði að hann hefði verið eini prókúruhafinn og því sá eini sem hefði getað skrifað undir. Heildarstjórn fjármála hefði hins vegar verið í höndum Guðnýjar. Hún hefði einhvern tímann rætt um vanskil á virðisaukaskatti eða staðgreiðslu en hann myndi ekki hvenær.

Ákærða Guðný kvaðst hafa komið inn í félagið vorið 2016 sem bókari en telja að starfsemi félagsins hefði hafist árið 2014. Hún og vitnið A hefðu verið [...] á þessum tíma. Kvaðst hún halda að félagið hefði keypt bókhaldsþjónustu fyrir þann tíma sem einnig hefði séð um skil á virðisaukaskattsskýrslum og skilagreinum vegna staðgreiðslu. Starf hennar hefði falist í því að færa inn gögn, svara í símann og afhenda endurskoðenda gögn, sem hún hefði talið að hefði skilað skattskýrslunum. Hún kvaðst ekki hafa komið fram sem fyrirvarmaður félagsins á því tímabili sem ákæra tekur til en verið í samskiptum við tollstjóra fyrir tilstilli forsvarsmanna félagsins, meðákærða og A, og einnig verið í tölvupóstsamskiptum við sýslumann. Þar sem hún hefði ekki verið fyrirvarmaður félagsins hefði hún ekki getað mætt til sýslumanns. Hún hefði síðan fengið umboð til að óska eftir gögnum um félagið sem sneru að bókhaldi þess. Fyrirmæli um hvað ætti að greiða hefðu komið frá meðákærða og hefði hún ekki haft heimild til að skuldbinda félagið fyrr en í október 2017. Allar ákvarðanir hefðu verið teknar af meðákærða og A og þeir hefðu forgangsraðað því sem átti að greiða og á þeim tíma hefði meðákærði séð um að greiða reikninga og um millifærslur.

Ákærða staðfesti að hafa tekið við sem stjórnarformaður 12. október 2017. Sagði hún að A hefði þá þurft að fara úr félaginu eftir að hafa fengið dóm vegna skattalagabrota. Haustið 2017 hefði meðákærði einnig hlotið dóm vegna slíkra brota og hefðu þeir þá óskað eftir því að hún kæmi inn í félagið. Mikið hefði verið í húfi fyrir hana þar sem A hefði lagt [...] fyrir félagið, án hennar samþykkis. Hefði hún því ekki átt annarra kosta

völ en að samþykkja þetta. Þá hefði hún farið að koma fram sem fyrirvarsmaður félagsins. Kvaðst hún ekki vita til þess að hún hefði á árunum 2016 og 2017 haft aðgang að heimabanka félagsins, nema hugsanlega skoðunaraðgang vegna bókhaldsins sem hún þá sá um, og ekki haft prókúru og ekki séð um að greiða reikninga. Á árinu 2017 hefði hún væntanlega gefið út sölureikninga að beiðni A meðákærða og einnig að beiðni þeirra komið að innheimtu reikninga. Kvaðst hún ekkert hafa átt í félaginu og framburður meðákærða um annað væri rangur.

Hvað varðaði virðisaukaskattsskýrslur vegna þeirra tímabila sem greinir í ákæru þá hefði þeim verið skilað rafrænt úr bókhaldskerfinu en endurskoðendurnir hefðu einnig haft aðgang að kerfinu. Hún hefði séð um að færa bókhald og skýrslurnar væru byggðar á þeim gögnum sem hefðu komið fram þar. Allt að þeim tíma þegar hún fór í stjórn félagsins hefðu aðrir séð um að senda skýrslurnar en hún hefði gert það frá október 2017. Þá hefði E starfað sem fjármálastjóri hjá félaginu frá því í ársbyrjun 2017 og hefði hann átt að létta undir með Ævari. Kvaðst hún ekki vita hvers vegna skýrslum vegna mars og apríl hefði ekki verið skilað á lögmaletum tíma eða hvers vegna ekki hefðu verið staðin skil á innheimtum virðisaukaskatti. Þá vissi hún ekki í hvað þeir fjármunir hefðu farið sem komu inn sem innheimtur virðisaukaskattur. Ákærða kvaðst ekki gera athugasemd við framlagt yfirlit héraðssaksóknara yfir vangoldinn virðisaukaskatt sem er í samræmi við niðurstöðu fyrsta töluliðar ákæru.

Hvað varðaði það sakarefni sem greinir í öðrum tölulið ákæru þá sagði ákærða að skilagreinum hefði verið skilað rafrænt. Endurskoðendur hefðu séð um að skila skilagreinum vegna staðgreiðslu á árinu 2016 og hún hefði ekki skilað inn slíkum skýrslum fyrr en í október 2017. Hún hefði látið endurskoðendur hafa gögn ef þá vantaði. Útreikningur launa hefði byggst á tímaskýrslum starfsmanna sem hún hefði fært inn í kerfið frá því í október 2017 og byggi kerfið sjálfkrafa til skýrslur. Áður hefði hún sett tímaskýrslurnar inn í excel-skjal og sent endurskoðendunum. E hefði tekið við þessum verkefnum í janúar 2017 og verið með þau þangað til hún tók við þeim í október 2017 og hefði hann væntanlega séð um allar greiðslur á þeim tíma. Hefði skýrslum verið skilað eftir það vegna tímabila sem voru fyrr á eindaga hefði hún einnig skilað þeim. Kvaðst hún ekki hafa skýringu á því hvers vegna skýrslum fyrir september, október og nóvember hefði verið skilað of seint. Hún hefði séð um þessi þrjú tímabil og gerði ráð fyrir að E hefði séð um tímabilin á undan. Þá staðfesti ákærða að hafa í mörg ár verið í samskiptum við tollstjóra, þ. á m. tölvupóstsamskiptum, sem bókari félagsins, vegna opinberra gjalda,

m.a. vegna greiðsluáætlunar í árslok 2017. Tölvupóstur hennar frá því í nóvember 2016 þar sem hún segðist hafa greitt gjöld hefði ekki þýðingu þar sem hún hefði verið að senda tölvuskeyti fyrir félagið og staðfest að hafa verið með netfangið [...]. Hún hefði mætt til sýslumanns 28. nóvember 2017 vegna fjárnáms á hendur félaginu og var þá verið tekin við félaginu. Þá hefði hún með fyrirbyggjandi tölvupósti frá 4. september 2017, sem bókari félagsins, verið að óska eftir upplýsingum um stöðu félagsins en einnig annarra félaga sem þar væru tilgreind og hefðu ýmist verið í eigu meðákærða eða hennar. Þá vísi hún á meðákærða í tölvupósti sínum frá 6. september 2017 þar sem hann undirriti greiðsluáætlanir sem fyrirsvarsmaður félagsins.

Ákærða kvaðst ekki hafa tekið ákvarðanir um ráðstöfun eigna og ekki gert samninga um kaup á fasteignum eða verksamninga. Hvað varðaði kaup félagsins á fasteign að Flugumýri með kaupsamningi, dagsettu 22. júlí 2016, þá kvaðst ákærða ekki hafa vitað af þeim áður en þau voru gerð og hafnaði þeim framburði meðákærða að samráð hefði verið haft við hana. Þá kvaðst ákærða ekki vita hvers vegna A hefði undirritað verksamning vegna Gerplustrætis frá 23. nóvember 2016 þar sem hann hefði þá ekki verið í stjórn félagsins. Í 2. grein samningsins komi fram að meðákærði komi að verkinu vegna félagsins hvað varði fjármál og hafi hún ekki verið í neinum samskiptum við verkkaupa. Hvað varðaði kaup félagsins á fasteign að Bergrúnargötu 4. mars 2017 þá kvaðst ákærða ekki hafa komið að gerð samnings eða ákvörðun um kaup og ekki hafa vitað að það stæði til. Sama ætti við um sölu á fasteigninni Viðarhöfða 2 og kaup á Garðabraut 1. Þá kvaðst hún ekki hafa verið í samskiptum við GSG-Þaklagnir vegna stefnu á hendur félaginu. Hvað varðaði tölvupóstsamskipti hennar við lögmannsstofu í janúar 2017 vegna reikninga sem vantaði kvaðst ákærða ekki hafa vitað hver hefði ráðstafað fénu. Þá kvaðst ákærða ekki hafa verið með þau gögn sem spurt væri um í tölvupósti endurskoðanda frá 6. janúar 2017 heldur meðákærði. Einnig sagði ákærða að tölvupóstsamskipti vegna reiknings Pastels 13. febrúar 2017 hefðu verið á vegum E þar sem hann hefði þá verið fjármálastjóri. Þá sagði ákærða að fyrirmæli A í tölvupósti frá 21. febrúar 2017 vegna útgáfu reiknings hefðu komið fram á tímabili þegar félagið var í hans eigu og hann komið að samningsgerð fyrir félagið. Kvaðst hún telja að A hefði komið að einhverjum þeirra kaupsamninga sem voru gerðir en hann og meðákærði hefðu verið saman í þessu, án aðkomu hennar. Þá kvaðst hún ekki hafa haft aðkomu að lánasamningi við Landsbankann á árinu 2017 heldur E, sem þá hefði verið fjármálastjóri.

Vitnið A, [...] ákærðu Guðnýjar, kvaðst vera húsasmíðameistari og hafa starfað sem byggingarstjóri hjá félaginu og aflað því verkefna. Sjálfur hefði hann ekkert komið að fjármálastjórn og skattskilum. Sagðist hann hafa byrjað að starfa með ákærða Ævari sem átti fyrirtækið einn þangað til ákærða Guðný eignaðist hlut á móti honum. Hann myndi ekki hvað varð til þess að það gerðist en líklega hefði það verið að beiðni hans og ákærða. Ákærða Guðný hefði komið inn í félagið sem framkvæmdastjóri og farið að reka það með ákærða Ævari. Hefði hún þá séð um daglegan rekstur, en ákærði Ævar hefði séð um hann áður. Ákærða Guðný hefði farið með daglega stjórn á skrifstofunni og séð um að greiða það sem þurfti, útgáfu reikninga og innheimtu þeirra, bókhald félagsins og skattskil. Hann og ákærði Ævar hefðu séð um verkstjórn á verkstað og öflun verkefna.

Vitnið kannaðist við að hafa 27. febrúar 2015 selt ákærða Ævari 50% hlut í félaginu. Þeir hefðu átt félagið saman í byrjun og vissi hann ekki hvað ákærði Ævar gerði eftir að hann eignaðist félagið einn. Þá sagði hann ákærðu Guðnýju hafa verið í samskiptum við innheimtumenn fyrir félagið. Þau þrjú hefðu öll vitað af vanskilum félagsins og rætt þau. Á árunum 2016 til 2017 hefði fjármálastjórn að mestu verið í höndum ákærðu Guðnýjar en ákærði Ævar einnig verið með aðstöðu á skrifstofunni. Hún hefði séð um skil á virðisaukaskattsskýrslum og skilagreinum vegna staðgreiðslu og greiðslu launa og ráðstafað þeim greiðslum sem komu vegna sölu eigna og útgáfu reikninga. Með tímanum hefði Guðný sífellt séð meira um fjármálastjórn.

Hvað varðaði kaup á eign í Flugumýri þá hefðu hann og ákærði Ævar séð um þau og væri hann ekki viss um að ákærða hefði komið að því. Vitnið sagði ákærða Ævar hafa farið með fjármál félagsins í nóvember 2016 en þá hefði vitnið ekki lengur verið í stjórn þess. Þá kvaðst vitnið ekki vita hvort samráð hefði verið haft við ákærðu Guðnýju um sölu Bergrúnargötu 5 og kvaðst telja að svo hefði ekki verið hvað varðaði fasteign að Viðarhöfða og kaup á Garðabraut 1. Einnig staðfesti vitnið að hann og ákærði Ævar hefðu ákveðið að greiða ekki SGS-Þaklögnum ehf. vegna verks en síðar hefði verið höfðað mál á hendur félaginu vegna þess. Vitnið sagði E hafa séð um fjármál félagsins frá því í febrúar 2017 en á árum 2016 og 2017 hefðu ákærðu farið saman með fjárráð félagsins. Hvað varðaði fasteignakaup félagsins þá hefði vitnið almennt vitað af þeim en ekki tekið ákvörðun um þau. Staðfesti vitnið að hafa í einhverjum tilvikum setið fundi í viðskiptabanka félagsins ásamt ákærða Ævari. Þá sagði vitnið að ákærða Guðný hefði verið að vinna með þeim í félaginu og hefði ákveðið að kom inn í félagið og vinna þar og reka það. Hún hefði tekið þetta að sér til að halda félaginu gangandi.

Vitnið B kvaðst hafa unnið hjá félaginu á árunum 2016 og 2017. Hann væri byggingartæknifræðingur og hefði haft aðstöðu á skrifstofu félagsins. Dagleg stjórn félagsins, t.d. hvað varðaði fjármál, hefði aðallega verið í höndum A og ákærða Ævars en ákærða Guðný hefði séð um bókhald og hefði hún farið að vera meira á skrifstofunni eftir því sem á leið. Hefði honum verið vísað á ákærðu Guðnýju ef hann vildi fá eitthvað greitt en hún hefði einnig séð um að greiða laun. Síðla árs 2016 hefði verið ráðinn fjármálastjóri sem átti að sjá um fjármálin en hann hætt fljótlega. Hefði þá verið sagt að ákærða Guðný yrði fjármálastjóri og hefði viðvera hennar aukist eftir það. Hvað varðaði hlutverk ákærða Ævars þá sagði vitnið að hann hefði verið eins og forstjóri. Þá kvaðst hann ekki vita hver hefði séð um skattskil, útgáfu reikninga og innheimtu þeirra. Kvaðst hann telja að A og ákærði Ævar hefðu báðir verið hans næstu yfirmenn og hefðu þeir ráðið hann í starfið. Ákærði Ævar hefði aðallega átt að vera á skrifstofu en verið oftast eitthvað á ferðinni, en hann hefði að einhverju leyti farið með verkstjórn á verkstöðum.

Vitnið C kvaðst hafa hafið störf hjá félaginu í ágúst 2017 og hefði ákærða Guðný ráðið hana til starfa. Hlutverk vitnisins hefði verið m.a. að færa bókhald og svara í símann. Ákærða hefði verið næsti yfirmaður hennar og úthlutað verkefnum til hennar en einnig hefði hún tekið við verkefnum frá ákærða Ævari. Kvaðst hún telja að ákærðu hefðu farið saman með daglega stjórn félagsins. Þá kvaðst hún halda að ákærða Guðný hefði séð um skattskil.

Vitnið E kvaðst hafa starfað hjá félaginu frá því í lok janúar 2017 þar til í byrjun maí sama ár. Hans hlutverk hefði verið að sjá um bókhald og fjármálastjórn. Ákærði Ævar hefði verið næsti yfirmaður hans og stjórnað félaginu ásamt A. Ákærða Guðný hefði starfað á skrifstofunni og hefði hún einnig séð um bókhald en jafnframt launamál og greiðslu reikninga. Hún hefði ekki haft neina aðkomu að verkefnum vitnisins nema að því leyti að þau hefðu bæði unnið í bókhaldinu. Hann hefði ekki borið ábyrgð á skattskilum, og talið að ákærði Ævar hefði séð um skattskil, og ekki verið í sambandi t.d. við innheimtumann ríkissjóðs eða sýslumann vegna félagsins. Þá hefði hann eitthvað verið í sambandi við tengilið félagsins í Landsbankanum sem einvörðungu hefði varðað almenn bankaviðskipti. Hans hlutverk hefði verið m.a. að leggja drög að greiðslum en Guðný hefði einnig komið að fjármálum og séð um greiðslur en hún hefði ekki virkað sem fjármálastjóri þegar hann kom til starfa. Vitnið kvaðst hafa komið að uppgjöri á einu virðisaukaskattstímabili, vegna janúar og febrúar 2017, en Guðný hefði skilað því inn og teldi vitnið að hún hefði gert það yfirleitt á þessum tíma. Ástæða þess að hann hætti hefði

verið sý á að skoðun hans á stöðu fyrirtækisins hefði verið önnur en ákærðu og A. Þau hefðu verið að leggja drög að því að klára uppgjör vegna ársins 2016 og hann þá útskýrt fyrir þeim hver afkoma ársins væri í raun og veru en það hefði verið „bullandi tap“. Þau hefðu ekki viljað trúa því og sagt það rangt hjá honum og að félagið skilaði hagnaði. Það hefði verið uppi á borðinu að félagið væri í vanskilum með skattgreiðslur og fyrir hefði legið samningur við tollstjóra vegna þess og hefði ákærða Ævari verið kunnugt um það.

Vitnið D lögmaður kvaðst hafa verið stjórnarmaður í félaginu frá 24. júní 2016 til 26. júlí sama ár. Ástæða þess hefði verið sú að á þessum tíma hefði verið leitað eftir endurfjármögnun félagsins og hann verið fenginn til að aðstoða við það. A hefði þá verið nýbúinn að fá dóm og vitnið þá tekið að sér að vera í stjórn félagsins. Hefði hann aðstoðað við að reyna að endurfjármagna félagið en það ekki tekist. Ákærðu og A hefðu stýrt rekstri félagsins á þessum tíma en sjálfur hefði hann átt fundi með ákærða Ævari og A. Teldi hann að þau þrjú hefðu séð um daglegan rekstur en vissi ekki hvert þeirra hefði séð um fjármál félagsins, héldi að það hefðu verið ákærðu og þau borið ábyrgð á skattskilum, séð um bókhald og allt uppgjör. Ákærða Guðný hefði verið á skrifstofunni, fært bókhald, greitt reikninga og séð um staðgreiðsluskil. Kvaðst hann telja að ákærði Ævar og A hefðu ákveðið að fá ráðgjafa til að koma að félaginu og í kjölfar þess hefði verið leitað til vitnisins.

### III

#### *Niðurstæða*

Ákærðu eru í máli þessu gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum og peningaþvætti á árunum 2016 og 2017. Eru brot þeirra talin varða við 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, hvað varðar fyrsta og annan tölulið ákæru. Þá eru brot ákærðu samkvæmt þriðja tölulið ákæru talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Ákærðu hafa bæði alfarið neitað sök í málinu og krefjast sýknu en hafa ekki gert athugasemdir við niðurstöðu ákæru hvað varðar fjárhæð vangoldins virðisaukaskatts og staðgreiðslu og er því ekki tölulegur ágreiningur í málinu.

Ákærðu lögðu bæði fram skriflega greinargerð samkvæmt heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði Ævar byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi ekki komið nálægt daglegri stjórn félagsins eða annast fjármál þess á því tímabili sem ákæra tekur til og þar með talið skattskil, þrátt fyrir að hafa stærstan hluta

tímabilsins verið skráður framkvæmdastjóri þess. Meðákærða hafi raunverulega séð um þessi verkefni þessu tímabili. Vísar ákærði sérstaklega til dómaframkvæmda síðustu ára sem hann telur sýna að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri félags beri ekki refsíabyrgð vegna vanskila á vörsluskatti ef ekki hefur verið í ljós leitt að viðkomandi hafi haft með höndum skil á skýrslum og greiðslum. Starfssvið ákærða hafi verið verkstjórn og almenn störf á verkstað í tengslum við byggingaverkefni félagsins en málgögn sýni að meðákærða hafi haft það hlutverk að sjá um skattskil félagsins. Ákærða Guðný byggir sýknukröfu sína á því að hún hafi hvorki verið framkvæmdastjóri né stjórnarformaður félagsins fyrr en 12. október 2017. Fram að þeim tíma hafi hún verið almennur starfsmaður sem sinnti m.a. bókhaldi og sá um skil á virðisaukaskattskýrslum en hún hafi engu ráðið um greiðslur. Meðákærði hafi á þessum tíma farið með daglegan rekstur og fjárreiður félagsins. Byggir ákærða sérstaklega á því að þau refsíákvæði sem meint brot hennar í ákæru eru talin varða við taki ekki til starfsmanna skattaðila og að við mat á refsinemi hvað háttsemi hennar varðar beri ávallt að túlka allan vafa henni í hag.

Framburður beggja ákærðu fyrir dómi um aðkomu þeirra að fjármálum félagsins var í samræmi við framangreindar varnir þeirra. Benda þau, hvað varðar tímabilið fram til 12. október 2017, á hvort annað hvað varðar daglega stjórn félagsins, stjórn fjármála og skattskil. Samkvæmt málgögnum var ákærði Ævar framkvæmdastjóri, meðstjórnandi og handhafi prókúru frá árinu 2015 til 12. október 2017. Þá var hann einnig eini eigandi félagsins á þessum tíma. Ákærða Guðný var stjórnarmaður og handhafi prókúru frá 12. október 2017. Þetta staðfestu ákærðu í framburði sínum fyrir dómi og kom þá einnig fram hjá þeim að bæði störfuðu þau hjá félaginu allan þann tíma sem ákæra málsins tekur til og framlögð gögn um staðgreiðslu launa staðfesta það hvað varðar ákærðu Guðný. Þá starfaði þar einnig [...], vitnið A.

Gögn málsins benda til þess að félagið hafi aðallega starfað við nýbyggingar. Frá upphafi hafi það verið ákærði Ævar og vitnið A sem sinntu þeim framkvæmdum. Í framburði ákærða Ævars og vitnisins A kom fram að ákærða Guðný hefði að mestu stýrt fjármálum félagsins frá árinu 2016. Þá kom skýrt fram í framburði þeirra að það hefði verið að tilstuðlan þeirra sem ákærða tók síðar við stjórn félagsins og má af gögnum ráða að ákærði Ævar hafi þá verið til rannsóknar vegna skattalagabrota. Ákærða Guðný staðfesti fyrir dómi að hafa starfað hjá félaginu frá því vorið 2016 en hafa fyrst hafa tekið við stjórn félagsins í október 2017. Fram að þeim tíma hefði hún ein séð um bókhald félagsins og verið þá í samskiptum m.a. við innheimtumann ríkissjóðs vegna skattskulda

og aðra kröfuhafa en byggir á því að hún hafi sinnt þeim verkefnum sem almennur starfsmaður. Ákærðu bera bæði um að félagið hafi áður haft endurskoðendur, sem ákærða Guðný segir að hafi þá séð um að senda rafrænar virðisaukaskattsskýrslur og skilagreinar vegna staðgreiðslu til tollstjóra. Í ársbyrjun 2017 tók vitnið E til starfa hjá félaginu sem fjármálastjóri en hætti störfum í lok apríl.

Fyrir dóminn komu nokkur vitni sem störfuðu hjá félaginu á þeim tíma sem ákæra tekur til. Framangreindur A kvaðst hafa starfað með ákærða Ævari frá því að félagið hóf starfsemi. Ákærði Ævar hefði átt félagið einn þangað til ákærða Guðný eignaðist hlut á móti honum. Hún hefði komið inn í félagið sem framkvæmdastjóri og farið að reka það með ákærða Ævari en hann hefði gert það einn áður. Hún hefði farið með daglega stjórn á skrifstofunni og hefði séð um að greiða það sem þurfti að greiða, útgáfu reikninga, innheimtu reikninga, bókhald félagsins og skattskil. Hann og ákærði Ævar hefðu séð um verkstjórn á verkstað og öflun verkefna. Þau þrjú hafi öll vitað af vanskilum félagsins og rætt þau. Vitnið E, sem starfaði hjá félaginu í ársbyrjun 2017, lýsti ákærða Ævari sem stjórnanda þess og vitnið C, sem hóf störf í ágúst 2017, sagði ákærðu bæði hafa farið með daglega stjórn félagsins. Vitnið B kvaðst hafa unnið hjá félaginu á árunum 2016 og 2017 og haft aðstöðu á skrifstofu félagsins. Dagleg stjórn félagsins, t.d. hvað varðaði fjármál, hefði aðallega verið í höndum A og ákærða Ævars sem hefði virkað sem forstjóri. Ákærða Guðný hefði séð um bókhald og launagreiðslur en farið að vera meira á skrifstofunni eftir því sem á leið. Eftir að E hætti sem fjármálastjóri 2017 hefði ákærða Guðný tekið við því starfi og viðvera hennar á skrifstofu þá aukist.

Framburður ákærða Ævars og A er skýr hvað það varðar að ákærða Guðný hafi farið með daglega stjórn félagsins og fjármálastjórn frá árinu 2016. Er þetta í ákveðnu í samræmi við framburð vitnanna B, C, E og D sem öll bera um afskipti hennar af stjórn félagsins fyrir þann tíma, t.d. varðandi greiðslu útgjalda, daglega stjórn félagsins og sýn á afkomu þess. Þá benda þau gögn sem liggja fyrir í málinu til þess að ákærða Guðný hafi haft afskipti af fjármálum félagsins frá því á árinu 2016. Hún kom fram gagnvart skattayfirvöldum eftir að skattskil félagsins voru tekin til skoðunar og gaf þá skýringar á starfseminni og hefði við meðferð málsins sýn á það hvort málgögn gæfu rétta mynd af bókhaldi félagsins. Hún fékk aðgang að heimabanka félagsins 3. mars 2016 og hafði á þessu tímabili samskipti við kröfuhafa félagsins, en fyrir liggur að fram til 12. október 2017 þurfti hún aðkomu ákærða Ævars varðandi ráðstafanir sem skuldbundu félagið, vegna stöðu hans.

Þau gögn sem lögð hafa verið fyrir dóminn og varða fjármálgæringa félagsins á þessu tímabili benda til þess að ákærði Ævar hafi almennt komið fram f.h. félagsins hvað þá varðar fram að þeim tíma er ákærða tók við. Hann hafði verkstjórn vegna byggingarframkvæmda og virðist samkvæmt framburði A og meðákærðu einnig hafa haft ákvörðunarvald um ráðstöfun fjármuna til kaupa á eignum. Af framburði ákærða Ævars og vitnisins A verður hins vegar ráðið að ákærða Guðný hafi verið höfð með í ráðum. Þá bera framangreind vitni um að hafa talið hann vera stjórnanda eða einn af fleirum stjórnendum félagsins.

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 er mælt fyrir um að skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skal hann greiða fésekt allt að tífoldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri þessari skattfjárhæð. Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur verið miklar. Samkvæmt málsgögnum var virðisaukaskattsskýrslu vegna mars-apríl rekstrarárið 2017 ekki skilað á lögmæltum tíma og ekki voru staðin skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var framangreint tímabil auk uppgjörstímabilanna maí-júní og júlí-ágúst sama ár, samtals 10.461.693 krónur.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 skal hver sá launagreiðandi sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir fé af launagreiðslum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða ekki innt af hendi þær greiðslur vegna launamanna sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir greiða fésekt allt að tífoldri þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldri skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggji við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindri staðgreiðslu samkvæmt skilagrein staðgreiðslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur eru miklar. Stórfellt brot gegn ákvæðinu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt málsgögnum voru ekki staðin skil

á staðgreiðsluskilagreinum vegna félagsins á lögmæltum tíma vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí og desember rekstrarárið 2016 og júní, júlí, september, október og nóvember rekstrarárið 2017, og ekki staðin skil á staðgreiðslu sem haldið var eftir af launum starfsmanna greiðslutímabilunum maí, júní, júlí, ágúst, september, nóvember og desember rekstrarárið 2016 og janúar til og með nóvember, rekstrarárið 2017. Telst fjárhæð vangoldinnar staðgreiðslu hvað varðar ákærða Ævar vera 44.852.835 krónur og hvað ákærðu Guðnýju varðar 61.892.859 krónur.

Stjórnarmenn einkahlutafélaga bera almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Þá bera framkvæmdastjórar einkahlutafélaga einnig ábyrgð samkvæmt 44. gr. laganna. Skal framkvæmdastjóri meðal annars annast daglegan rekstur félags og sjá um að bókhald þess sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Skyldur framkvæmdastjóra eru þannig ótvíræðar og sem slíkur bar ákærði Ævar ábyrgð á að skattskil félagsins væru í góðu horfi og í samræmi við lög og þ. á m. að standa skil á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987. Samkvæmt framangreindu vissi ákærði Ævar eða mátti vita að skýrslum og greiðslum var ekki skilað og hirti ekki um þær skyldur sem á honum hvíldu samkvæmt lögum nr. 138/1994 á þeim tímabilum er hann fór formlega með stjórn félagsins. Þá liggur fyrir að hann tók virkan þátt í stjórn félagsins á tímabilinu fram til 12. október 2017. Getur hann því ekki borið fyrir sig að meðákærða hafi ein borið ábyrgð á skattskilum félagsins fram að þeim tíma. Sannað þykir að ákærði hafi í krafti stöðu sinnar borið raunverulega ábyrgð á rekstri félagsins til 12. október 2017, í samræmi við opinbera skráningu, og jafnframt verið daglegur stjórnandi.

Óumdeilt er að ákærða Guðný tók við sem stjórnarmaður í félaginu 12. október 2017 og lýsti hún því fyrir dómi að hún hefði frá þeim tíma stýrt félaginu og séð um fjárreiður og skattskil þess. Er það í samræmi við framburð meðákærða og vitna. Fram að þeim tíma gegndi hún launuðu starfi hjá félaginu sem fól í sér vinnu við bókhald og skattskil sem hún sinnti auk fleiri á tímabilinu. Starf hennar þá fól einnig í sér, samkvæmt því sem rakið hefur verið, stjórn og meðferð fjármuna félagsins. Af framburði meðákærða og vitna má einnig ráða að ákærða hafði meiri hagsmuni af starfseminni en almennur starfsmaður og bar sjálf um að fjárhagstengsl hafi valdið því að hún tók síðar

að sér stjórn félagsins. Verður ekki fallist á þá vörn ákærðu að hún hafi sinnt þessum verkefnum undir stjórn meðákærða.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða dómsins að ákærðu hafi staðið saman að stjórn félagsins fram til 12. október 2017. Er á það fallist með ákæruvaldinu að ákærðu hafi ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og innheimtum skatti og staðgreiðsluskilagreinum og afdreginni staðgreiðslu, svo sem greinir í fyrsta og öðrum tölulíð ákæru. Geta ákærðu ekki borið fyrir sig varnir byggðar á skorti á greiðslugetu. Brot þessi voru fullframin með því að lögboðnar greiðslur voru ekki inntar af hendi á eindaga. Nema skattundanskot ákærða Ævars alls 55.314.528 krónum og ákærðu Guðnýjar 72.354.552 krónum. Samkvæmt þessu verða sagnæmisskilyrði 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga um ásetning og stórfellt gáleysi, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og 2. mgr. 30 gr. laga nr. 45/1987, talin uppfyllt hvað bæði ákærðu varðar. Þá teljast brot þeirra meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 þegar litið er til þeirra fjárhæða sem um ræðir.

Þá eru ákærðu ákærð fyrir peningþvætti samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Óumdeilt er að það fé sem ekki voru staðin skil á til innheimtumanns ríkissjóðs skilaði sér til félagsins og er ekki annað fram komið en það hafi runnið inn í rekstur þess. Innheimtur virðisaukaskattur og staðgreiðsla sem ekki voru staðin skil á og ákærðu ráðstöfuðu þannig er ávinningur af broti í skilningi 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu telst þar vera um að ræða ávinning af refsiverðu broti og verða ákærðu því sakfelld fyrir brot gegn ákvæðinu í samræmi við það sem greinir í ákæru.

Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærðu hafi gerst sek um þau brot sem lýst er í ákæru og eru þau þar rétt heimfærð til refsíákvæða. Verða ákærðu því sakfelld samkvæmt ákæru.

#### IV

Ákærði Ævar er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 28. október 2020, var hann með dómi héraðsdóms 28. mars 2018 dæmdur í tíu mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, vegna brots gegn sömu lagaákvæðum og í máli þessu, utan 264. gr. laga nr. 19/1940. Teljast þau brot sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir vera hegningarauki vegna framangreinds dóms, sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærða Guðný er fædd í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 28. október 2020, var hún með dómi Landsréttar 15. maí 2020 dæmd í átta mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, vegna brots gegn sömu lagaákvæðum og í máli þessu, utan 264. gr. laga nr. 19/1940. Teljast þau brot sem ákærða hefur nú verið sakfelld fyrir vera hegningarauki vegna framangreinds dóms, sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940. Sakaferill ákærðu hefur að öðru leyti ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar ákærðu er til þyngingar litið til þeirra fjárhæða sem brot ákærðu varða og þess að ákærðu eiga sér engar málsbætur. Ákærðu frömdu þau frumbrot sem rakin eru í ákæru en jafnframt þau brot sem þar eru talin varða við 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 sem peningaþvætti. Er því við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 264. gr. laganna. Samkvæmt framangreindu þykir refsing ákærða Ævars vera hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði og einnig hvað varðar ákærðu Guðnýju. Með vísan til málsatvika og dómafordæma þykir rétt að fresta fullnustu refsingar beggja ákærðu og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Brot ákærðu voru stórfelld, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, og einnig 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, þegar litið er til fjárhæða. Þau einskorðast hins vegar hvað varðar virðisaukaskattstímabilin maí-júní og júlí-ágúst 2017 samkvæmt fyrsta tölulið ákæru og staðgreiðslutímabilin mars og apríl 2017 samkvæmt öðrum tölulið ákæru við það að hafa ekki staðið skil á réttilega tilgreindum fjárhæðum samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum og skilagreinum. Verður því hvað ákvörðun sektar varðar fyrir þau tímabil farið niður fyrir fésektarlágmark framangreindra lagaákvæða og miðað við þær fjárhæðir sem vanrækt var að standa skil á en tvöfalda fjárhæð vanskila hvað varðar önnur tímabil sem tilgreind eru í ákæru. Ákærðu eru bæði ákærð vegna því sem næst sömu brota. Í samræmi við dómaframkvæmd verður þeim gert að greiða sekt er nemur helmingi af sekt sem ákvörðuð hefur verið í samræmi við framangreint utan þeirra tímabila staðgreiðslu sem ákærða Guðný er ein ákærð fyrir sem eingöngu koma til skoðunar við ákvörðun sektarfjárhæðar hvað hana varðar. Verður ákærði Ævar því jafnframt dæmdur til að greiða 37.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 360 daga og ákærða Guðný jafnframt dæmd til að greiða 77.000.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 360 daga.

Ákærðu ber að greiða málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna eins og greinir í dómsorði og hefur við ákvörðun málsvarnarlauna verið tekið tillit til virðisaukaskatts og, eftir atvikum, vinnu lögmanna á rannsóknarstigi. Þá greiðir ákærði Ævar 179.180 krónur í sakarkostnað vegna vinnu tilnefnds verjanda hans á rannsóknarstigi. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Ásmunda Björg Baldursdóttir saksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Ævar Ingi Pálsson, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði greiði jafnframt 37.000.000 króna sekt í ríkissjóð en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærða, Guðný Hrefna Leifsdóttir, sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940. Ákærða greiði jafnframt 77.000.000 króna sekt í ríkissjóð en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði Ævar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Arnar Jónassonar lögmanns, 1.500.000 krónur og 179.180 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærða Guðný greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanns, 1.450.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign.)